

# Svífðu litla, létta blað ...

1. tbl., 5. árg., mars 2016 - Skóladeild Akureyrar



## Nýr vefur birtingarhæfur

Í dymbilvikunni tókst mér loksins að koma nýjum vef það langt áleiðis að hann hefur nú verið tengdur og birtur. Ég er samt enn að tína skjöl af þeim gamla og koma á nýja staði mun halda áfram með það næstu vikur. Það líður því einhver tími þar til allt verður komið á sinn stað. Eins getur verið að einhverjir hlekkir séu óvirkir en þetta verður allt yfirfarið næstu vikurnar.

Í tiltektinni fann ég líka eitthvað af verkefnum sem höfðu aldrei ratað á vefinn, svo nú bætti ég þeim við. Reyndi líka að flokka verkefni betur, svo nú eru þau undir þremur flipum; aðlöguð verkefni, verkefni fyrir byrjendur og svo þá sem eru aðeins lengra komnir. Ég mun svo halda áfram að setja ný verkefni inn eftir því sem tími gefst. Ný slóð á síðuna er : <http://erlendir.akmennt.is>

## Sýrlenskir nemendur pluma sig vel

Allir sýrlensku nemendurnir okkar eru nú komnir í sína leik- og grunnskóla. Við vorum tvær og hálfu viku með allan hópinn (börn og fullorðna) sameiginlega í Glerárskóla í íslenskukennslu en þá voru allir tilbúnir í næsta skref, heimaskólana sína.

Þessar fyrstu vikur hafa gengið vel og er hljóðið í kennurum og nemendum gott. Krakkarnir leggja sig fram og eru áhugasamir í nýju og framandi umhverfi. Allir tóku þátt í skíðaferðum fyrir páska og nutu nýrrar og ótrúlegrar upplifunar.



Með bestu kveðjum

Helga

## Fræðslufundur

Ég minni á fræðslufundinn sem Ingunn Helga hefur auglýst fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar þann 4. apríl kl. 14:00.

Ný staðsetning er:

**[bæjarstjórnarsalur, Geislagötu](#)**

Þar mun Hrafnhildur Kvaran flytja erindi sem hún nefnir **Framandleiki og fjölbreytni - Áskoranir við að flytja í nýjan menningarheim og stuðningsfjölskyldu-verkefni Rauða krossins.**

Skráningar á

starfsmannavefnum

<http://eg.akureyri.is>